



**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
**Skúlagata 4**  
**Reykjavík**  
**anr@anr.is**

26. maí 2021

**Umsögn við mál nr. 109/2021: [Ræktum Ísland!](#) - Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu Íslands**

Ungir Umhverfissinnar fagna umræðuskjali um íslenska landbúnaðarstefnu og styðja flest sem þar kemur fram. Þá ber að hrósa viðsýnum sjónarmiðum og skýrri stefnu og sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á að virkja ungt fólk í landbúnaði.

Viljum við með þessu skjali benda á nokkra þætti sem okkur finnst vert að minnast á.

**Landnotkun og sjálfbær landnýting**

Það að land sé vel fallið til ræktunar ætti ekki að vega þyngst í þeirri ákvörðun að nýta landið til landbúnaðar. Til að mynda ætti ekki að framræsa lítið raskað votlendi til landbúnaðar. Það sem þegar hefur verið framræst skyldi nýta betur en nú er gert [\[1\]](#) eða það endurheimt. Að sama skapi ætti ekki að nýta mikilvæg fuglasvæði eða landsvæði þar sem fágætar tegundir finnast til landbúnaðar.

Góður gagnagrunnur og þekking á gróðurlendi er mikilvægur hluti í því að velja svæði sem henta best hverju sinni, hvort sem um er að ræða landbúnað eða landgræðslu, og ætti að vera í forgrunni við ákvörðun um nýtingu landsvæðis. Þá skal efla rannsóknir, auka samráð og móta stefnu um beitarstýringu á Íslandi. Hvetjum við til aukins samráðs á milli hagsmunaaðila við þessar ákvarðanir.

Til þess að stuðla að sjálfbærri landnýtingu leggjum við til að aukin áhersla verði lögð á gerð og nýtingu staðbundinnar moltu frá lífrænum úrgangi sveitarfélaga við landbúnað. Með samvinnu sveitarfélaga, bænda, yfirvalda og þeirra sem vinna moltu væri mögulegt að móta

aðgerðaráætlun með hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi. Þá væri hægt að koma á umbunarkerfi fyrir þá bændur sem nýta eða framleiða moltu í nærumhverfinu.

Sjálfbær landnýting er nátengd lausagöngu sauðfjár. Ofbeit er ein helsta orsök gróðureyðingar hér á landi og liggur í augum uppi að lausaganga sauðfjár samræmist ekki markmiðum um sjálfbæra landnýtingu [2]. Sýnt hefur verið fram á að beitarfriðun beri mikinn árangur þegar kemur að endurheimt gróðurs (t.d. Þórsmörk). Uppgræðsla vegna beitarfriðunar ætti ekki að vera einstök tilvik heldur almenn regla og næst það eingöngu með því að setja frekari skorður á lausagöngu sauðfjár. Viljum við benda á nýútkomna skýrslu Landverndar um vörsluskyldu búfjár og hvetja til þess að hún verði höfð í huga við gerð landbúnaðarstefnu ([sjá skýrslu hér](#)).

### **Korn- og grænmetisrækt**

Mikil eftirspurn er eftir innlendu korni og grænmeti hérlendis [3] og má ætla að sú eftirspurn muni aukast samhliða aukinni umhverfisvitund almennings og breyttum matarvenjum, þar sem sífellt fleiri kjósa grænkerafæði. Aukin korn- og grænmetisrækt er skilvirk leið til þess að tryggja fæðuöryggi íslendinga en jafnframt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, stuðla að sjálfbærri landnýtingu og byggðafestu, standa við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD).

Margir sjá sóknarfæri í íslenskri grænmetis- og kornrækt en skortir öryggi, fjármuni, hvata og tól til þess að hefja slíkan landbúnað. Líkt og fram kemur í umræðuskjalinu *Ræktum Ísland!* þá ber að koma upp stuðnings-, hvata- og styrkjakerfi fyrir íslenska grænmetis- og kornræktarbændur. Slíkt kerfi gefur bændum öryggi og aðstoðar þá við að standast ófyrirsjáanleg áföll og uppskerubresti. Þar að auki væri slíkt kerfi til þess fallið að hvetja fleiri til að taka sér korn- og grænmetisrækt fyrir hendur en þetta er mikilvægur þáttur í því að ná markmiðum Íslands í loftslags- og sjálfbærnimálum. Þá væri einnig ráðlagt að koma á fót styrkjakerfi fyrir þá bændur sem vilja hefja eða auka grænmetis- eða kornrækt á búi sínu samhliða öðrum búskap.

“Þegar rætt er um innlenda kornrækt er óhjákvæmilegt að minna á álfir og gæsir sem eru miklir skaðvaldar á ökrum og auka áhættu þeirra sem rækta korn. Vöktun akra er kostnaðarsöm og skilar ekki endilega þeim árangri sem að er stefnt.”

Ekki er skýrt hvað er átt við með málsgreininni hér að ofan.


### **Lífrænn landbúnaður**

Fögnum við því að aukin áhersla sé lögð á gæðavörur, umhverfisvernd og sjálfbærni í landbúnaði. Við viljum þó taka undir umsögn Guðna Þorvaldssonar og minna á að lífræn ræktun samsvarar ekki alltaf umhverfisvænni ræktun. Það ætti því að hafa umhverfisvernd, sjálfbærni og velferð dýra og manna að leiðarljósi en forðast að horft sé framhjá slíkum markmiðum með því að einblína á hugmyndafræði lífræns landbúnaðar.

## Nýsköpun

Umræðuskjali um landbúnaðarstefnu Íslands skortir ítarlegri umfjöllun um hvernig efla skuli almenning, bændur og sveitarfélög til nýsköpunar á sviði landbúnaðar. Ráðlagt væri að setja fram tímasett og skilgreind markmið sem og hvernig þeim skuli vera náð. Sem dæmi væri hægt að stofna til nýsköpunarhraðla, halda hugmyndasamkeppnir, koma á samkeppnisstyrkjum og efla starfsemi Landbúnaðarklasans á landvísu. Auk þess væri mögulegt að koma upp tilraunaeldhúsum í hverju sveitarfélagi þar sem bændum gefst kostur á að sækja námskeið og nýta aðstöðuna til verðmætasköpunar. Með tilkomu tilraunaeldhúsa, örslátrunar, nýsköpunarhraðla o.s.frv. er mögulegt að efla atvinnulíf og byggðapróun á landsbyggðinni.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

A handwritten signature in black ink, reading "Sæunn Júlía", is written over a solid horizontal line.

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi